

Vinnureglur við óvenjulegar eða meiriháttar breytingar í niðurrennslisholur


Við atburði í niðurrennslisveitum virkjana ON sem innifela óvenjulegar eða meiriháttar breytingar á magni eða hitastigi vatns í niðurrennslisholur skal fylgja eftirfarandi verklagi.

Sem dæmi um slíka atburði má nefna:

- Innkomu nýrra niðurrennslishola,
- Prófanir á niðurrennslisholum, t.d. ádælingaprófanir, eða
- Örvun á holum með kaldri ádælingu

1. Almenn verklag við óvenjulegar eða meiriháttar breytingar á niðurrennslis

Almennt skal fylgja því verklagi sem kynnt er á mynd 1, ásamt fyrirmælum í framkvæmdaráætlun (sjá lið 2), við allar óvenjulegar eða meiriháttar breytingar í niðurrennslis. Nánari leiðbeiningar fyrir skipulagðar breytingar á niðurrennslis eru gefnar í þessu skjali.



Mynd 1 Almenn verklag við óvenjulegar eða meiriháttar breytingar á niðurrennslis

2. Framkvæmdaráætlun

Við undirbúning atburða skal liggja fyrir skrifleg framkvæmdaráætlun áður en framkvæmd hefst. Slík áætlun skal unnin af sérfræðingi þróunar, forstöðumanni Auðlinda ON og framleiðslustjóra ON eða staðgenglum þeirra. Framkvæmdaráætlun skal taka á nauðsynlegum undirbúningi aðgerða, framkvæmd þeirra með tilvísun í mynd 1 um almennt verklag, tímalengd og eftirfylgni. Verkefnisstjóri tryggir að framkvæmdaráætlun sé ávalt kynnt fyrir viðkomandi framkvæmdaraðilum áður en framkvæmdir hefjast.

3. Ákvörðun um tilkynningu

Ef atburður er líklegur til að geta valdið aukinni skjálftavirkni ber að tilkynna atburðinn til vöktunar- og viðbragðsaðila, líkt og fram kemur í almennu verklagi á mynd 1.

Nauðsyn þess að senda út slíka tilkynningu er metinn hverju sinni af þróun OR, forstöðumanni Auðlinda ON og framleiðslustjóra ON eða staðgenglum þeirra. Skal þá horft til þekkrar skjálftavirkni á svæðinu og svörun svæðis við

fyrri atburðum sem teljast mega til óvenjulegra breytinga á rennsli eða hitastigi í niðurrennslisholur. Ákvörðun um tilkynningu skal koma fram í skriflegri áætlun framkvæmda. Ef ákveðið er að senda ekki tilkynningu skv. almennu verklagi skal þó meta eftir atvikum hvort senda eigi upplýsingar á skjálftavakt Veðurstofu Íslands.

4. Tilkynning send til viðbragðs- og vöktunaraðila í byrjun aðgerða (ef við á)

Ef ákvörðun er tekin um að tilkynna atburð til viðbragðs- og vöktunaraðila, sbr. leiðbeiningar að ofan, skal upplýsa vaktmann virkjunar áður en framkvæmd hefst og hann senda orðsendingu til Skjálftavaktar Veðurstofu Íslands, Almanna- og Ríkisins og viðkomandi aðila innan ON/OR. Dæmi um slíka orðsendingu er gefið hér að neðan:

Til: jardvakt@vedur.is; almannavarnir@rls.is; vaktin@or.is; hildigunnur.h.thorsteinsson@or.is; gunnar.gunnarsson@or.is; marta.ros.karlsdottir@on.is; eirikur.hjalmarsson@or.is; asdis.gislason@on.is; reynir.gudjonsson@or.is

Efni: Truflanir í niðurdælingu á Hellisheiði

Texti: Verið er að framkvæma (XXXXX t.d. *ádælingarpróf í tveimur nýjum niðurrennslisholum skammt frá núverandi niðurdælingarsvæði í Húsmúla*). Áætlað er að aðgerðum ljúki (*Dagsetning XX/XX/XXX*). Nánari upplýsingar veitir vaktin á Hellisheiði í síma **617 2823/617 2824**.

5. Vöktun á skjálftavirkni á meðan á aðgerðum stendur

Vaktmaður skal á meðan aðgerðum stendur vakta skjálftavirkni á heimasíðu Veðurstofu Íslands á <http://www.vedur.is/skjalftar-og-eldgos/jardskjalftar/hengill/>. Fylgja skal því verklagi sem sýnt er á mynd 1 um viðbrögð við aukinni skjálftavirkni.

6. Viðbrögð við aukinni skjálftavirkni

a) Ef skjálfti mælist á bilinu 2-2,5 skal vaktmaður fyrirskipa að niðurdælingu sé haldið stöðugri þar til 2 klukkustundir hafa liðið frá skjálfta að stærð 2,0-2,5 og eftirfarandi orðsending skal send á Veðurstofu Íslands:

Til: jardvakt@vedur.is; hildigunnur.h.thorsteinsson@or.is; gunnar.gunnarsson@or.is; marta.ros.karlsdottir@on.is;

Efni: Staða niðurdælingaaðgerða á Hellisheiði

Texti: Verið er að framkvæma (XXXXX t.d. *ádælingarpróf í tveimur nýjum niðurrennslisholum skammt frá núverandi niðurdælingarsvæði í Húsmúla*). Skjálfti mældist XX og verður því niðurdælingu haldið stöðugri þar til 2 klukkustundir hafa liðið frá skjálfta að stærð 2,0-2,5.

Nánari upplýsingar veitir vaktin á Hellisheiði í síma **617 2823/617 2824**.

b) Ef skjálfti mælist stærri en 2,5 skal vaktmaður minnka niðurdælingu um eitt þrep og bíða með frekari aðgerðir í 12 klukkustundir, eða henni hætt ef skjálfti mælist yfir 3,5 að stærð sbr. mynd 1. Í kjölfar skjálfta yfir 2,5 að stærð skal hafa samband við forstöðumann Auðlinda ON, sem setur saman viðbragðsteymi sem ber ábyrgð á áframhaldandi samskiptum við vöktunar- og viðbragðsaðila sbr. mynd 1 sem og ákvarðanatöku um framhald aðgerða.

7. Tilkynning send til viðbragðs- og vöktunaraðila í lok aðgerða (ef við á)

Í lok aðgerða skal eftirfarandi orðsending send:

Til: jardvakt@vedur.is; almannavarnir@rls.is; vaktin@or.is; hildigunnur.h.thorsteinsson@or.is; gunnar.gunnarsson@or.is; marta.ros.karlsdottir@on.is; eirikur.hjalmarsson@or.is; asdis.gislason@on.is; reynir.gudjonsson@or.is

Efni: Truflunum lokið í niðurdælingu á Hellisheiði.

Texti: (XXXXX/*Ádælingarprófunum/Tilraunum/Stórtækum breytingum/Breytingum*) lauk (*Dagsetning XX/XX/XXXX*).

Nánari upplýsingar veitir vaktin á Hellisheiði í síma **617 2823/617 2824**.